

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um þjónustu við ungt fólk  
sem er ekki í vinnu, virkni eða námi.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

- Hversu margir einstaklingar á aldrinum 18–29 ára, sem falla undir NEET-skilgreiningu um að vera ekki í vinnu, virkni eða námi (e. *Not in Education, Employment, or Training, NEET*), njóta þjónustu á vegum stofnana ráðuneytisins eða aðila sem ráðuneytið á í samstarfi við?
- Hvaða úrræði í heilbrigðiskerfinu miðast sérstaklega að þessum hóp?
- Telur ráðherra þörf á breytingum á þjónustu við þennan hóp?

Skriflegt svar óskast.